

JÓLAPÝTUR

FRÉTTABRÉF FRÁ SKÓLANUM YKKAR

FRAMUNDAN Í DESEMBER

Jólaþjósadagur

Ein af hefðunum okkar er að kveikja á friðarkertum í hlíðinni fyrir ofan skólann. Nemendur koma með kerti að heiman, fá kakó í útiskólanum og eiga notalega stund saman. Farið verður í góðu og stilltu veðri og því ekki hægt að segja til um hvaða dagur verður fyrir valinu en stefnt er að miðvikudeginum 11. desember.

Laufabrauð og jólakósýdagur 17. desember

Nemendur og starfsfólk skera út laufabrauð þriðjudaginn 17. desember. Nemendur mega mæta í kósýfötum/náttfötum/einhverju jólalegu. Eftir laufabrauð verður hægt að spila og fönndra.

Skautar og bíó 19. desember

Fimmtudaginn 19. desember förum við öll saman á skauta í Skautahöllinni og verðum þar til 10:30. Eftir skautana ætlar foreldrafélagið að bjóða nemendum og starfsfólki í bíó og popp á sýninguna Múfasa í Sambíóunum kl. 11:00. Við minnum á að koma vel klædd, vettlingar nauðsynlegir. Hjálmaskylda á skautasvellinu. Skólinn greiðir skautaleigu og aðgangseyri.

Litlu jólin 20. desember

Dagurinn byrjar á samverustund í Möðruvallakirkju kl. 8:20 þar sem sr. Oddur Bjarni tekur á móti okkur. Skólakórinn syngur, nemendur Tónlistarskólans spila fyrir okkur nokkur lög og nemendur 7. bekkjar lesa Jólagaðspjallið.

Eftir samverustundina förum við í skólann þar sem námshópar halda sín eigin stofujól, dönsum í kringum jólatréð og borðum saman hátíðarmat. Heimferð er kl. 12:00 þennan dag hjá öllum nemendum.



ÞEMAVIKAN 18.-22. NÓV

FJÖLMENNING

Þemavikan þetta skólaárið var tileinkuð fjölmenningu. Nemendur unnu í þremur hópum og fengum heimsálfu úthlutaða, þar unnu nemendur með fána, kennileiti, matarmenningu, dýr, plöntur, tungumál, hefðir og margt fleira. Nemendur teiknuðu, perluðu, máluðu, gerðu myndbönd, alls kyns listmuni og síðast en ekki síst settu þau upp sýningar í þremur rýmum. Svona ferli, frá hugmynd að uppsetningu sýningar er gríðarlega lærdómsríkt fyrir nemendur sem fá að vera virkir þátttakendur í vinnunni og eiga sinn hluta í sýningunni. Það voru því ansi stoltir og glaðir nemendur sem tóku á móti gestum á opna húsinu sem var haldið í lok þemavikunnar. Fjöldi manns kom í heimsókn og átti glaðan dag með nemendum og starfsfólki skólans. Við þökkum ykkur kærlega fyrir komuna.



SKEMMTILEGAR MYNDIR ÚR SKÓLALÍFINU

ÞEMAVIKA
OPIÐ HÚS

ÞEMAVIKA VINNA
NEMENDA

SÖNGSALUR
8. NÓVEMBER

HREKKJAVAKAN

LESUM SAMAN
25. OKT

VORÖNN 2025

HVAÐ ER FRAMUNDAN Á NÆSTU ÖNN?

- Skóli hefst að loknu jólafríi mánudaginn 6. janúar.
- Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 11. febrúar, starfsdagur 10. febrúar.
- Vetrarfrí verður líkt og fyrri ár í kringum öskudaginn sem lendir á 5.-7. mars þetta skólaárið.
- Að venju býður skólinn nemendum 1.-4. bekkjar í skíðaskólann vikuna fyrir útivistardaginn í Hlíðarfjalli en skíðadagurinn okkar verður miðvikudaginn 19. mars.
- Í mars hefst árshátíðarundirbúningur en árshátíðin verður haldin í íþróttahúsinu okkar fimmtudaginn 10. apríl kl. 16:00
- Á vordögum gerum við alls konar skemmtilegt: höldum græna blómadaginn, förum í vorferð, höfum gaman á þelamerkurleikunum og höldum vorhátíð.
- Skólaslit verða þriðjudaginn 3. júní.

SÖNGSTUNDIR OG SÖNGSALUR

Nemendur í 1.-4. bekk fá söngstundir í hverri viku en einu sinni í mánuði er svo söngsalur á Torginu. Hérna er myndband af krökkunum syngja Skólarapp sem er sérlega skemmtilegt lag með alls konar orðum sem gaman er að vinna með.



LEIKLIST OG DANS Í 1.-6. BEKK

Við vorum svo heppin að fá Margréti Sverrisdóttur leikkonu sem stundakennara á haustönninni en 1.-6. bekkur fer til hennar í leiklist á föstudögum. Það eru því bara tveir leiklistartímar eftir á þessum skólaári! Við þökkum Margréti kærlega fyrir tímann hér í skólanum. Eftir áramót hefst danskennsla á föstudögum í staðinn fyrir leiklist. Ingunn Hallgrímsdóttir kemur til okkar í janúar og sér um kennsluna fram á vor.

FRÁ 4. BEKK

HVERNIG SAMSKIPTI VILJUM VIÐ EIGA?



Góð samskipti eru afar mikilvæg og vildum við í 4. bekk því efla og styðja við okkar góðu samskipti hér í skólanum. Við veltum fyrir okkur hvað við erum að gera vel í samskiptum við aðra, hvað við getum bætt hjá okkur og hvað við viljum ekki sjá í samskiptum okkar. Þetta settum við fram sem umferðarljós sem sést á myndinni hér til hliðar.

Árni Þór, Elena Hrönn, Jóhann Rafn, Kristín Harpa, Ólafur Andrés, Sara Líf, Sigurður Hreinn, Skírnir Sigursveinn, Sóley Rut og Sóllilja.

JÓLAKVEÐJA FRÁ ÚTISKÓLANUM

Á yngsta stigi er útiskóli fastur liður í stundatöflu. Þá hópast börnin út eftir hádegismat og vinna að fjölbreyttum verkefnum. Verkefnin tengjast öllum námsgreinum og er gaman að taka annað nám og glæða það lífi utandyra. Á haustönn hafa nemendur verið um fimmtíu. Stundum eru þau öll saman úti og stundum er þeim skipt í hópa eftir aldri og eru þá með mismunandi verkefni. Útiskólasvæðið okkar skipar stóran sess í náminu enda fjölbreytt og frábært svæði. Hæurnar eru sérstaklega vinsælar hjá nemendum og ekki vantar dugnaðinn þegar kemur að því að hirða um þær. Það er gaman að sjá nemendur nýta ímyndunaraflíð í að skapa verur úr snjónum, renna sér og efla félagsfærni sína í frjálsum leik. Við nýtum veðrið eftir því sem við getum, því með hverri árstið skapast ólík tækifæri. Haustið er tími uppskeru en við erum með stóran kartöflu- og matjurtagarð. Haustið nýtum við einnig til þess að safna könglum, laufblöðum, jurtum, berjum og fleiru til að nýta yfir veturinn, m.a. til að búa til fuglafóður því öll viljum við nú fá eitthvað betra til að bíta í yfir jólin.

Hér eru myndir frá útiskóla á yngsta stigi þetta árið.

Jólakveðja, Anna Rós og útiskólagengið.




NAFNASAMKEPPNI - HUGMYNDAKASSI

HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ KALLA ÁLMURNAR OKKAR Í SKÓLANUM?

Ákveðið var að efna til nafnasamkeppni á meðal nemenda til að fá hugmyndir að því hvað við ættum að kalla álmurnar okkar. Um er að ræða gömlu heimavistarálmuna sem hýsir núna 7.-10. bekk en það svæði hefur enn ekki fengið nafn. Auk þess fannst okkur tilvalið að finna nafn á gamla kennsluganginn okkar sem 1.-6. bekkur er með stofur en sá gangur hefur aldrei borið neitt nafn en vegna breytinga á skólahúsnæði fannst okkur tilvalið að gera bót á því.

Seðlum hefur verið dreift til nemenda sem eiga að setja hugmyndir sínar í hugmyndakassa. Ákveðin nefnd fer yfir tillögurnar sem verða kunngerðar fyrir jól.





Spesiur



400 gr smjör
150 gr flórsykur
2 tsk vanillusykur
500 gr hveiti



Smjörið og flórsykurinn er hrært saman. Hveitinu smám saman bætt í og deigið hnoðað. Deiginu skipt í nokkra hluta og rúllað í lengjur ekki of sverar. Geymt í ísskáp eða á köldum stað til næsta dags. Rúllurnar skornar í ca. 0.7 cm þykkar sneiðar, raðað á bökunarplötu og bakað í ca. 10 mín. við 180°C.

Súkkulaðidropum sett á hverja köku um leið og þær koma úr ofninum. Látnar kólna vel áður en þær fara í box.

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

TINNA MARGRÉT, INGVELDUR MYRRA OG HRAFNEY KRISTA


Kolbrún

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir um jólin?
Er að vera í faðmi fjölskyldunar minnar og eignast minningar með 2 ára syni mínum
Með hverjum ertu á jólonum? Fjölskyldunni minni
Er alltaf sami matur hjá þér um jólin? Já
Og hvað er þá í matinn: Nautalund og Hamborgarhryggur



Berglind Vala

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir um jólin?
Vera í kósý með fjölskyldunni
Með hverjum ertu á jólonum?
Fjölskyldunni minni
Og hvað er þá í matinn hjá þér?
Lambalæri og mikið af góðu meðlæti með



Hildur Helga

Hver er uppáhalds jólamaturinn þinn? Kalkúnn og hamborgarhryggur og meðlæti með því
Eru þið með einhverjar jólahefðir sem þið gerið á hverju ári? Setja jólatréð alltaf upp 23. desember



VIÐTÖL VIÐ NEMENDUR

TINNA MARGRÉT, INGVELDUR MYRRA OG HRAFNEY KRISTA

Jónatan í 1. bekk

Með hverjum ertu um jólin? fjölskyldunni
Hvað er í matinn hjá ykkur um jólin? McDonalds
Hvað langar þig í jólagjöf? Fjór hjól

Emil í 5. bekk

Með hverjum ertu á jólnunum? Fjölskyldunni og ömmum
Hvað er í matinn hjá þér um jólin? Rækjur
Hvað langar þig í jólagjöf? Paintball byssu

Efemía í 9. bekk

Með hverjum ertu um jólin? fjölskyldunni minni
Hvað er í matinn hjá þér um jólin? Svínahamborgarhryggur
Hvað langar þig í jólagjöf? bækur

MATSFERILL - NÝTT NÁMSMATSKERFI

SKILABOÐ FRÁ MIÐSTÖÐ MENNTUANR OG SKÓLAÞJÓNUSTU

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hafa síðustu misseri unnið að þróun nýs námsmatskerfis. Nýja námsmatskerfið hefur fengið nafnið Matsferill og verður tilbúið til innleiðingar á næsta skólaári. Markmið Matsferils er að afla upplýsinga sem ætlað er að auðvelda starfsfólki skóla að miða kennslu við þarfir hvers nemanda og koma auga á þau börn sem telja má í áhættu vegna framvindu í námi og þroska. Niðurstöðurnar veita skýra mynd af frammistöðu barna í rauntíma og gefa gott yfirlit yfir þróun námsárangurs þeirra yfir skólagönguna. Þannig gefst tækifæri á að grípa inn í og styðja við námsframvindu á hverjum tíma. Sett hefur verið upp sérstakt vefsvæði til að kynna Matsferil, innleiðingu hans og útfærslu. Við hvetjum ykkur eindregið til að kynna ykkur þetta mikilvæga framfaraskref í þágu menntunar barna á Íslandi sem mun hafa mikil áhrif á skólastarfið á komandi árum. Á matsferill.is er meðal annars að finna kynningarmyndband sem útskýrir Matsferil á aðgengilegan hátt. Saman stuðlum við að farsælu og öruggu námsumhverfi fyrir börnin okkar.

Kær kveðja,

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

JÓLAKVEÐJA FRÁ SKÓLANUM

Starfsfólk Þelamerkurskóla óskar nemendum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Hjartans þakkir fyrir gott samstarf.

